



Fundargerð

65. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
12. febrúar 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Vika 6 - kynfræðsla í grunnskólum Reykjaneshæjar (2026020071)

Þormóður Logi Björnsson mætti á fund Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar og kynnti vinnu við Viku 6 í grunnskólum Reykjaneshæjar. Hann greindi frá markmiðum verkefnisins, framkvæmd og áherslum í forvarnarstarfi innan skólanna.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.

2. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2026 (2026020068)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá alþjóðlega netöryggisdeginum sem haldinn var 10. febrúar sl.

Lýðheilsuráð minnir á vefsíðu Netvís.is sem hefur að geyma ýmsa fræðslu fyrir börn, ungmennti, foreldra og fagfólk.

3. Uppgjör frístundastyrks árið 2025 (2025120199)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir nýtingu frístundastyrks Reykjaneshæjar. Helstu tölur voru kynntar og hefur þátttaka barna 4 til 18 ára aukist úr 57,9% árið 2022 í 64,1% árið 2025, þátttaka hefur aukist um 1,7% frá 2024-2025. Þátttaka erlendra barna hefur aukist úr 28,4% árið 2022 í 43,2% árið 2025, þátttaka hefur aukist um 9,5% frá 2024-2025.

4. Lífshlaupið 2026 (2026010255)

Lýðheilsuráð vill koma á framfæri kærnum þökkum til allra þeirra sem taka þátt í Lífshlaupinu og huga þannig að heilsu sinni og velferð.

5. Ofbeldi gagnvart öldruðum (2026020070)

Lýðheilsuráð óskar öllum sem komu að ráðstefnunni Ofbeldi gagnvart öldruðum, sem haldin var á Nesvöllum nýverið, til hamingju með tilprifamikinn viðburð sem eykur vitundarvakningu um málefnið.

6. Aðgangur að vatni í íþróttamannvirkjum og tómstundamiðstöð (2026010277)

Lýðheilsuráð fól Hafþóri Birgissyni á síðasta fundi ráðsins að kanna hvernig aðgengi væri að vatni í íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar og tómstundamiðstöð.

Aðgengi að vatni er almennt gott og eru notendur mannvirkjanna hvött til að drekka sem mest af vatni.

7. Mottumars 2026 - viðburður lýðheilsuráðs (2026020181)

Lýðheilsuráð minnir á mottumars. Ráðið mun standa fyrir viðburði í samstarfi við Krabbameinsfélag Suðurnesja líkt og undanfarin ár. Viðburðurinn verður haldinn 24. mars n.k. í Vatnaveröld og verður auglýstur nánar síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.